

Fundur í fagráði nautgripæræktar 11. október 2021

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 11. október 2021 og hófst kl. 13.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Gísladóttir, Björn S. Gunnarsson, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Egill Gunnarsson mætti til fundar um lið 3 og Sigurbjörg Ottesen boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat - nautaval
3. Umsóknir í þróunarsjóð nautgripæræktarinnar
4. Staða erfðamengisúrvals
5. Fagráð í nautakjötsframleiðslu – staðan og framhald
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 29. júní 2021, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nýtt kynbótamat - nautaval

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem var keyrt núna í september að loknu ágúst-uppgjöri. Að þessu sinni var keyrt mat fyrir afurðir, frumutölu og frjósemi. Frjósemismatið var keyrt með nýju sniði þar sem til grundvallar eru þrír eiginleikar sem byggja á sæðingagögnum. Fyrstu tveir eiginleikarnir meta frjósemi mjólkandi kúa og eru annars vegar *bil á milli burðar og fyrstu sæðingar (BBFS)* og hins vegar *bil á milli fyrstu og seinustu sæðingar (BFSS)*. Bæði *BBFS* og *BFSS* eru mældir í dögum. Þessir tveir eiginleikar eru metnir á fyrstu þremur mjaltaskeiðum kúa og vega mjaltaskeiðin 50%, 30% og 20% í samsettri einkunn hvors eiginleika. Með upptöku þessara eiginleika er reynt að meta þann tíma sem það tekur kúna að hefja egglos og byrja að beiða aftur eftir burð og svo hversu langan tíma það tekur að festa fang eftir að sæðingar hefjast. Erfðaþróun seinni tímabilsins er neikvæð og því mikilvægt að leggja áherslu á *BFSS* í nýju mati. Þriðji eiginleikinn er *fanghlutfall við fyrstu sæðingu hjá kvígum (FFSK)* og er þetta í fyrsta sinn sem kynbótamat er reiknað fyrir eiginleika óborinna kvígna. Vonir standa til að með þessari viðbót megi grípa snemma í taumana ef dætur einstakra nauta á nautastöð sýna slaka frjósemi sem kvígur.

Kynbótamat fyrir frjósemi gildir nú 10% af kynbótaeinkunn gripa. Einkunn fyrir frjósemi er samsett úr kynbótamati fyrir fyrrnefnda eiginleika. *Fanghlutfall við fyrstu sæðingu hjá kvígum* mun vega 20%, *bil á milli burðar og fyrstu sæðingar* vegur 30%, og *bil á milli fyrstu og seinustu sæðingar* vegur hæst, 50%.

Ákveðið að setja Herki 16069 í dreifingu og taka Bjarka 15011 og Sjúss 15048 úr dreifingu vegna lítillar notkunar undanfarið.

Nautsfeður næstu mánuði verði Mikki 15043, Knöttur 16006, Bikar 16008, Jarfi 16016, Skírnir 16018, Róður 16019 og Jónki 16036.

3. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar

Alls bárust 7 umsóknir upp á samtals 7.315.000 kr. sem er tæplega þriðjungur þess fjár sem er til ráðstöfunar.

a. Framleiðsla nautakjöts II – Uppeldi, fóðrun og aðbúnaður kálfa frá fráfærum til kynþroska - ANR21100023

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Ditte Clausen. Markmið verkefnisins er auka aðgengilegt fræðsluefni fyrir framleiðendur nautakjöts, áætla fóðurstofnað með gefnum forsendum um hráefni, taka saman þekkingu og móta heildstætt efni um uppeldi gripa á íslensku og svara ákalli LK um betri fagþekkingu innan RML og aukna þjónustu við framleiðendur nautakjöts.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 832.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

b. Huppa.is – Gagnasamskipti við jaðartæki í nautgriparækt - ANR21090301

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Markmið verkefnisins er að einfalda vinnu nautgripabænda til muna, forðast tvíverknað, halda nákvæmari og sjálfvirkari skráningu og lágmarka villuhættu með því að skapa streymi milli Huppu og jaðartækja í nautgriparækt. Einkum er horft til örmerkjalesara og vigtunarbúnaðar.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.896.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

c. Leiðbeiningarmyndband vegna sýnatöku fyrir erfðamengisúrval - ANR21100025

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Linda Margrét Gunnarsdóttir. Markmið verkefnisins er að gera einfaldar leiðbeiningar til bænda um hvernig bera á sig að við sýnatöku og meðferð á sýnum í tengslum við erfðamengisúrval.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði þarft og áhugavert og leggur því til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 597.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

d. Rekstur nautakjötsframleiðenda - ANR21100026

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll Bragason. Markmið verkefnisins er að halda áfram gagnasöfnun og úrvinnslu rekstrargagna hjá framleiðendum nautakjöts og fjölga þátttakendum sem leggja til gögn í sameiginlegan grunn. Þannig verði hægt að fylgjast með þróun á afkomu í greininni og styrkja forsendur með rekstraráætlanagerð einstakra framleiðenda.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði áhugavert og þarft og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 1.044.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

e. Þróun fjósgerða og mjaltatækni á Íslandi 2019-2021 - ANR21100030

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Margrét Gísladóttir. Markmið verkefnisins er að þekkja til þróunar á fjósgerðum hérlendis og þeirri mjaltatækni sem notuð er en þekking á því er búgreininni og hinu opinbera mikilvæg. Með því að fylgjast með þeirri þróun má sjá fyrir helstu breytingar á framleiðsluaðstöðu nautgriparæktarinnar og nýta upplýsingarnar við áætlanagerð varðandi endurnýjunar- og fjárfestingaþörf búgreinarinnar í víðum skilningi.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 250.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

f. Stöðumat á aðstöðu til nautakjötsframleiðslu á Íslandi – framhaldsrannsókn - ANR21100029

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Höskuldur Sæmundsson. Markmið verkefnisins er að fylgja eftir rannsókn sem Landssamband kúabænda framkvæmdi 2019 þar sem framleiðsluaðstæður til nautakjötsframleiðslu voru kannaðar í fyrsta skipti. Þeirri rannsókn þarf að fylgja eftir til að meta þróun og horfur í nautakjötsframleiðslu og ekki síst getu landbúnaðarkerfisins til framleiðslu. Niðurstöður nýtast m.a. til ráðgjafar, mats og mögulegum markaðsaðstæðum o.fl.

Afgreiðsla: Fagráð telur um áhugavert og þarft verkefni að ræða og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 600.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

g. Hækkun sýrustigs ræktunarjarðvegs með innlendum bergefnum samanborið við dólómítkalk - ANR21100032

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Hrannar Smári Hilmarsson. Markmið verkefnisins er að finna hagkvæma lausn á að bæta ræktunarjarðveg fyrir bændur með mismunandi bergefnum til þess að hækka sýrustig jarðvegs. Rannsóknarspurningar eru: Er hægt að nota innlent bergefni til þess að hækka sýrustig jarðvegs? Hækkar dólómítkalk sýrustig ræktunarjarðvegs til jafns við hefðbundinn skeljasand?

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 1.100.000.

4. Staða erfðamengisúrvals

Farið yfir stöðu erfðamengisúrvals og meðal annars rætt sérstaklega hvernig staðið verður að sýnatökum sem ætlunin er að fari fram samhliða einstaklingsmerkingum og verði þá framkvæmd af bændum. Áfram er stefnt að því að koma sýnatökunni í gang í ársbyrjun 2022.

5. Fagráð í nautakjötsframleiðslu – staðan og framhald

Formaður fór yfir að fagráð hefði stofnað fyrir tveimur eða tveimur og hálfu ári vinnuhóp um nautakjötsframleiðslu. Hann sagðist hafa kallað hópinn saman á fyrsta fund en síðan hefði hópurinn lognast út af. Hann sagðist telja að farsælla væri að nautakjötsframleiðendur hefðu stuðningsfulltrúa í fagráði. Nokkur umræða um málið og ákveðið að Margrét ræði við formann hópsins um hvort sú leið væri ekki farsæl að setja saman starfshóp sem taki saman drög að ræktunarmarkmiði í nautakjötsframleiðslu og í framhaldinu verði nautakjötsframleiðendur með stuðningsfulltrúa í fagráði. Starfshópurinn verði skipaður aðilum frá BÍ, Nautís og RML.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Pórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 29. júní 2021
2. Niðurstöður kynbótamats í september 2021
3. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar